

Auglýsing um framlög til mannúðarverkefna félagasamtaka

Utanríkisráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um framlög sem veitt eru á grundvelli reglna um styrkúthlutanir utanríkisráðuneytisins til félagasamtaka í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð.

Um framlögin

Veitt verða framlög til mannúðarverkefna er svara alþjóðlegum neyðarköllum.

Við mat á umsóknum verður stuðst við viðeigandi matsform sem er að finna á heimasíðu utanríkisráðuneytisins

(<https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/throunarsamvinna/samstarf-vid-borgarasamtok/uthlutunarreglur-og-umsoknir/>).

Styrkhæfir aðilar

Til að teljast styrkhæf þurfa samtök að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Vera skráð í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra sem félagasamtök að annaðhvort rekstrarformi eða skv. starfsgreinaflokkun
- Starfa í þágu ófjárhagslegs tilgangs
- Hafa sett sér lög og hafa stjórn
- Félagsmenn, styrktaraðilar eða stuðningsaðilar eru minnst 30 talsins
- Tilgangur samtakanna gangi ekki gegn yfirmarkmiðum íslenskrar þróunarsamvinnu
- Halda í heiðri grundvallarreglur um mannúðaraðstoð
- hafa lagt fram áritaðan ársreikning í samræmi við kröfur Ríkisendurskoðunar

Umsækjendur þurfa uppfylla þær kröfur um meðferð og vörslu fjármuna á sviði mannúðaraðstoðar sem Ríkisendurskoðun gerir.

Styrkfjárhæðir í boði

Til úthlutunar að þessu sinni er allt að 50 m.kr. en þar af er 31,5 m.kr. eyrnamerkt til verkefna sem bregðast við [neyðaráætlun Samræmingarskrifstofu aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum](#) eða [viðbragðsáætlun Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna](#) vegna neyðarinnar í Sírylandi. Styrkupphæð getur numið allt að 95% af heildarkostnaði mannúðarverkefna.

Atriði sem þurfa að koma fram í umsókn

Vísað er í reglur utanríkisráðuneytisins nr. 300/2019 um styrkúthlutanir til félagasamtaka í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð.

Í umsókn skal umsækjandi meðal annars lýsa með greinargóðum hætti markmiðum verkefnis sem liggur til grundvallar umsókn, áætlun um framkvæmd þess og tíma- og kostnaðaráætlun. Þá skal koma fram mat á áhrifum verkefnisins. Njóti umsækjandi annarra styrkja eða framlaga vegna verkefnisins skal gera grein fyrir slíkum framlögum eða styrkjum.

Umsækjendum er bent á umsóknareyðublöð, reglur utanríkisráðuneytisins nr. 300/2019 um styrkúthlutanir, matsviðmið og aðrar leiðbeiningar sem eru að finna á heimasíðu ráðuneytisins (<https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/throunarsamvinna/samstarf-vid-borgarasamtok/uthlutunarreglur-og-umsoknir/>).

Úthlutun styrkja fer eftir þeim skilmálum sem fram koma í reglum ráðuneytisins og leiðbeiningum Ríkisendurskoðunar, sem finna má á ofangreindri heimasíðu.

Einungis umsóknir sem uppfylla skilyrði auglýsingar og úthlutunarskilmála verða teknar til greina.

Um styrkveitingar til verkefna félagasamtaka í málaflokknum gilda lög um opinber fjármál nr. 123/2015 og reglugerð nr. 642/2018 um styrkveitingar ráðherra.

Matshópur, tímafrestur og áætlaður afgreiðslutími

Umsóknir þurfa að berast fyrir miðnætti mánudagsins 20. maí 2019 í netfangið felagasamtok.styrkir@utn.stjr.is.

Utanríkisráðherra úthlutar styrkjum að fengnum álitum þriggja manna matshóps sem er skipaður tveimur óháðum sérfræðingum á sviði mannúðaraðstoðar og fulltrúa utanríkisráðuneytisins.

Áætlað er að niðurstöður ráðherra liggi fyrir í júlí 2019.

Nánari upplýsingar veitir Ágúst Már Ágústsson, sérfræðingur í utanríkisráðuneytinu: agust.agustsson@utn.stjr.is.